

Svar

háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Líneik Önnu Sævarsdóttur um undanþágu frá staðnámi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða háskólar hafa sett verklagsreglur um undanþágu frá staðnámi í greinum sem ekki eru í boði í fjarnámi vegna sérstakra aðstæðna einstaklinga, svo sem búsetu, starfs, íþróttaiðkunar eða fjölskylduaðstæðna?
2. Hversu margir, efeinhverjir, nemendur hafa nýtt slíka undanþágu? Svar óskast sundurliðað eftir háskólum.

	Verklagsreglur um undanþágu frá staðnámi	Fjöldi nemenda sem hafa nýtt sér undanþágu frá staðnámi	Athugasemd
Háskólinn á Akureyri	Nei. Mætingarskylda er í vettvangsnámi og klínískri þjálfun.	Á ekki við.	Allt nám er skipulagt í sveigjanlegu námsformi með samspili stað- og fjarnáms eftir útfærslu hverrar deildar.
Háskólinn á Hólum	Nei, mætingarskylda er tilgreind í kennsluáætlun. Sveigjanleiki um mætingu eftir mati kennara.	Slík skrá er ekki haldin.	Tímasókn er frjáls, utan tímasóknar í námskeiðshluta, verklegra tíma, staðlotna, verknaðs og vettvangsnáms.
Háskóli Íslands	Nei, almennt gildir mætingarskylda í staðnámi. Unnt er að sækja um undanþágu frá mætingu skv. reglum lyfjafræðideildar og í deild íþróttar, heilsuefningar og tólmstunda.	Slík skrá er ekki haldin.	Einstökum deildum er heimilt að setja reglur um skyldu stúdenta til þátttöku í einstökum námskeiðum, æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun.
Landbúnaðarháskóli Íslands	Nei, undanþágu eru veittar eftir mati hverju sinni.	Á ekki við.	Allar grunnnámsbrautir eru kenndar með fjarnámsmöguleika. Aðrar námsbrautir eru með fjarnámslausnum og staðlotum.
Háskólinn á Bifröst	Nei.	Á ekki við.	Allt nám er í fjarnámi.

	Verklagsreglur um undanþágur frá staðnámi	Fjöldi nemenda sem hafa nýtt sér undanþágu frá staðnámi	Athugasemd
Háskólinn í Reykjavík	Nei, útfærsla mætingarskyldu fer eftir eðli námskeiða. Veittar hafa verið undanþágur til nemenda í afrekshópi til fjarnáms vegna sérstakra aðstæðna.	Slík skrá er ekki haldin.	
Listaháskóli Íslands	Nei.	Engar undanþágur hafa verið veittar.	Allt nám er staðnám.